



A 1660/medborgar

Flutt af:
Flokkahópi jafnaðarmanna

Til umfjöllunar í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00220-2

Þingmannatillaga um sameiginlegar aðgerðir gegn eltihrellingu á Norðurlöndum

Eltihrelling er vandamál í öllum Norðurlöndunum. Eltihrelling, eða ólögleg eftirför, felur í sér að einhver er áreittur ítrekað af sama einstaklingi. Í mörgum tilvikum þekkir þolandi til eltihrellisins. Eltihrellir getur verið fyrrverandi maki, nágrenni eða starfsfélagi en stundum er um lauslegri kynni að ræða. Einnig kemur fyrir að fólk úr tilteknum starfsstéttum, s.s. listafólk, stjórnmalafólk og starfsfólk dómstóla, verður fyrir ólögmætri eftirför. Eltihrellingar geta sprottið af mikilli hrifningu gerandans á þekktum einstaklingi, eða ákvörðun embættismanns sem haft hefur áhrif á líf eltihrellisins. Einnig er til í dæminu að engin tengsl séu milli þolanda og geranda. Þá er hugsanlegt að þolandi hafi fyrir tilviljun skipst á augnagotum við eltihrellinn eða þjónustað hann í starfi sínu. Slíkar eltihrellingar eru þó sjaldgæfari.

Sænska stofnunin Brå, sem vinnur að glæpaforvörnum, hefur rannsakað eltihrellingar í Svíþjóð og gaf út skýrslu um málefnið árið 2006 (Stalkning i Sverige – omfattning och åtgärder, rapport 2006:3). Tekin voru símaviðtöl við 4000 slembivalda einstaklinga milli 18 og 79 ára til að fá hugmynd um umfang vandans, hvaða einstaklingar verða helst fyrir eltihrellingu og hverjar birtingarmyndir hennar eru.

Níu prósent viðmælenda í rannsókn Brå sögðust einhvern tíma á ævinni hafa verið áreitt ítrekað af sömu manneskju. Þar af voru 75% konur. Þegar spurningunni „var áreitið nokkuð eða töluvert ógnvænlegt?“ var bætt við, lækkaði hlutfall þeirra sem svörðu játandi niður í 5,9 prósent. Alls höfðu 2,9 prósent verið áreitt á undanfögnu ári.

Sé tengslum þolanda og eltihrella skipt í þrjá flokka; nán tengsl, annars konar tengsl eða engin tengsl, sést að birtingarmyndir áreitissins eru mismunandi. Algengasta birtingarmynd áreitis í öllum hópum eru tölvupóstsendingar, bréfasendingar eða símtöl.

Þeir þolendur sem hafa átt nán tengsl við eltihrelli sinn geta verið í meiri hættu en aðrir. Þeir lentu frekar í því að vera veitt eftirför, hótad eða þeir beittir ofbeldi. Til dæmis átti eltihrellir til að birtast á heimili þolanda, á

vinnustað hans eða öðrum stöðum sem þolandi sótti reglulega. Stundum skildi eltihrellirinn eitthvað eftir sem vísbendingu um að hann hefði komið.

„Annars konar tengslum“ fylgdi oft áreiti með líkamlegri nærveru. Þá var t.d. um að ræða nágranna, starfsfélaga eða kunningja sem vann skemmdarverk á bíl eða í garði þolanda, reyndi að skemma fyrir honum í starfi eða hrópaði á eftir honum á götu. Sjaldgæft var að áreiti væri bundið við símtöl einvörðungu, en margir sögðust hafa fengið símtöl frá einhverjum sem þagði eða másaði í símann.

Eltihrelling þótti valda minnstum óþægindum ef eltihrellirinn var þolandanum ókunnugur. Ógnvænlegast þótti þegar þolandi hafði átt nán tengsl við geranda. Sjaldgæft var að fólk væri ofsótt af ókunnugum, en samkvæmt rannsókn Brá hafði það hent 2,7% svarenda. Undarleg símtöl voru algengari í þeim hópi en í öðrum en einnig henti að fólk í þessum hópi væri ofsótt og elt, þótt það væri sjaldgæft.

Ofsóknir á netinu – hótanir, hatursorðræða og særandi athugasemdir

Ofsóknir á netinu hafa einnig verið mikið ræddar að undanförunu. Samfara uppgangi internetsins og samfélagsmiðla hefur það færst í aukana að fólk sé stöðugt nettengt. Þróunin er á sama veg í öllum löndunum. Netíð auðveldar tengsl við fólk í nærumhverfi okkar eða í öðrum löndum. Það er auðgandi, þroskandi og skemmtilegt en skuggahliðin felst í ofsóknum á netinu. Þær eiga sér stað gegnum tölvupóst eða samfélagsmiðla og geta verið allt frá meiðandi athugasemdum til beinna hótana.

Brá hefur gefið út skýrslu (2015:6) um hótanir sem tilkynntar eru lögreglu og brot gegn einstaklingum gegnum netíð („Polisanmälda hot och kränkningar mot enskilda personer via internet“). Í henni er greint frá því hvers eðlis kærur til lögreglu í málaflokkinum eru. Algengustu kærur sem stúlkur leggja fram snúast um það að myndir af þeim hafa verið birtar á netinu í því skyni að niðurlægja þær. Myndirnar hafa oftast en ekki kynferðislegan undirtón, auk niðrandi aðdróttana um kynhegðun stúlnanna. Kærurnar sneru einnig að því að myndunum hafði verið deilt og jafnvel breytt til að auka á kynferðislega undirtóna. Þetta er afar særandi og óþægilegt fyrir þann sem fyrir verður. Kærur drengja sneru fyrst og fremst að ofbeldishótunum, s.s. morðhótunum eða hótunum um vopnaðar árásir. Það getur verið afar ógnvekjandi að verða fyrir slíku.

Algengasta kæruefni kvenna var að fyrrverandi maki hélt áfram að hafa samband eftir að ástarsambandi lauk. Þar getur verið um að ræða stöku óþægileg skeyti en einnig langvinnt áreiti sem telst til ólögmaettrar eftirfarar. Sé um slíkt að ræða á áreitið sér að öllum líkindum einnig stað utan netheima. Í mörgum tilvikum hafði nálgunarbann ýmist verið gefið út eða þá að konan hafði sótt um nálgunarbann um leið og hún kærði. (Brá 2015:6)

Netofsóknir eru erfiðar viðureignar, þar sem auðvelt er að skáka í skjóli nafnleyndar á netinu. Stundum er gerandi staddur í öðru landi en þolandi og þá er nánast ómögulegt að réttvísinn nái fram að ganga. Geti kona, sem ógnað er af fyrrverandi maka, gefið lögreglu greinargóðar upplýsingar er auðveldara að taka á málinu. Í þættinum Agenda í sænska ríkissjónvarpinu þann 20. janúar 2013 kom fram að netofsóknir eru útbreitt vandamál sem erfitt er að öðlast yfirsýn yfir, þar eð mörg brot eru ekki tilkynnt.

Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku eru lög gegn eltihrellingu, en ekki í Noregi. Löggjöf um eltihrellingu, bæði ofsóknir í eigin persónu og gegnum netíð, ætti að vera fyrir hendi alls staðar á Norðurlöndum. Í Finnlandi eru ný lög sem taka á „brotum gegn friðhelgi í samskiptum“. Samkvæmt þeim

Norðurlandaráð

A 1660/medborgar

Flutt af:
Flokkahópi jafnaðarmanna

Til umfjöllunar í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00220-2

er ólöglegt að senda skilaboð eða hringja ítrekað í því skyni að ónáða eða valda óþægindum.

Engar niðurstöður koma upp, sé leitað að efnisorðinu „eltihrelling“ [stalkning] á heimasíðu Norðurlandaráðs. Þar sem málefnið virðist ekki hafa verið til umfjöllunar hjá Norðurlandaráði upp á síðkastið er þýðingarmikið að taka það upp nú og vinna áfram með það. Styrkur norræns samstarfs felst í samvinnu og þekkingarmiðlun.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að beita sér fyrir því að lög verði sett alls staðar á Norðurlöndum um eltihrellingu, bæði ofsóknir í eigin persónu og gegnum netið;

að Norðurlöndin beiti sér fyrir rannsóknum á sviði eltihrellingar, bæði hvað varðar ofsóknir í eigin persónu og gegnum netið.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að haldin verði ráðstefna um vandamál tengd eltihrellingu;

að blásið verði til norrænnar herferðar með því markmiði að fræða almenning um það hvernig bregðast megi við ofsóknum á netinu og í raunheimum.

Ósló, 8. september 2015

Aleqa Hammond (S)

Annette Lind (S)

Gunvor Eldegard (A)

Henrik Dam Kristensen (S)

Ineqi Kielsen (S)

Johan Andersson (S)

Karen J. Klint (S)

Karin Gaardsted (S)

Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Marit Nybakk (A)

Mogens Jensen (S)

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)

Per Rune Henriksen (A)

Phia Andersson (S)

Pyry Niemi (S)

Sonja Mandt (A)

Suzanne Svensson (S)

Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

A 1660/medborgar

Flutt af:

Flokkahópi jafnaðarmanna

Til umfjöllunar í:

Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00220-2